

Skýrsla stjórnar hjúkrunarráðs starfsárið 2009-2010

Stjórn hjúkrunarráðs Landspítala 2009-2010

Hjúkrunarráðs var á starfsárinu 2009-2010 skipuð eftirfarandi hjúkrunarfræðingum og ljósmæðrum:

Bylgja Kærned	Formaður	
Pórgunnur Hjaltadóttir	Varaformaður	
Sigríður Zoëga	Ritari	
Aðalmenn	Varamenn	Svið
Hlíf Guðmundsdóttir	Steinunn Birna Aðalsteinsdóttir	Lyflækningasvið
Sigríður Guðmundsdóttir	Áslaug Sigurjónsdóttir	Lyflækningasvið
Auður Ketilsdóttir	Margrét Rögn Hafsteinsdóttir	Lyflækningasvið
Ingibjörg Fjölnisdóttir	Guðlaug Ingunn Einarsdóttir /Halldóra Hálfánardóttir	Lyflækningasvið
Björk Arnórsdóttir	Díana Dröfn Hreiðarsdóttir	Skurðlækningasvið
Sigurveig Björgólfsdóttir	Arna Brynjólfssdóttir	Skurðlækningasvið
Júlía Linda Ómarsdóttir	Elva Rut Helgadóttir	Kvenna og barnasvið
Auður Ragnarsdóttir	María Guðnadóttir	Kvenna og barnasvið
Guðrún Pétursdóttir	Jóna Sigríður Gunnarsdóttir	Geðsvið
Kristín Halla Marínósdóttir	Magna Björk Ólafsdóttir	Bráðasvið
Hildur Magnúsdóttir	Linda Björnsdóttir	Utan klínískra sviða

Starfsreglur hjúkrunarráðs

Á síðasta aðalfundi fyrir ári síðan þá voru samþykktar nýjar starfsreglur og er nú kosið í fyrsta skipti samkvæmt breytingum á sviðaskipan Landspítala. Samkvæmt nýjum starfsreglum skipar stjórn hjúkrunarráðs.

- Formaður
- Varamaður
- Ritari
- 3 fulltrúar lyflækningasvið
- 3 fulltrúar skurðasvið
- 2 fulltrúar frá kvenna og barnasvið
- 1 fulltrúi frá geðsviði
- 1 fulltrúi frá bráðasviði
- 1 fulltrúi utan klínískra sviða

Á aðalfundi 2010 voru samþykktar enn nokkrar breytingar og má sjá reglurnar í heild sinni á heimasíðu hjúkrunarráðs.

Fundir

Samkvæmt starfsreglum hjúkrunarráðs skal stjórn hjúkrunarráðs funda a.m.k. mánaðarlega og síðastliðið ár hefur stjórnin fundað á tveggja vikna fresti og voru fundirnir 19 talsins. Til viðbótar hafa formaður, varaformaður og ritari hist óformlega þess á milli vegna einstakra mála. Formaður hjúkrunarráðs situr fundi tvisvar í mánuði með Önnu Stefánsdóttur framkvæmdarstjóra hjúkrunar en hún á sæti í framkvæmdarstjórn og er faglegur yfirmaður hjúkrunar á Landspítala. Þar eru rædd þau faglegu málefni hjúkrunar sem ber hæst á góma hverju sinni. Þá hafa formaður, varaformaður og ritari ásamt fulltrúum lækna ráðs setið mánaðarlega fundi með forstjóra Landspítala, fyrst Huldu Guðmundsdóttur og síðar Birni Zoega. Þar hafa helst verið rædd rekstrarmál, áætlanir um sparnað, skipulagsbreytingar og sameining á bráðamóttökum spítalans. Stjórn hjúkrunarráðs hefur átt góð samskipti við áður nefnda stjórnendur spítalans sem og Þorbjörn Jónsson formann lækna ráðs og þakkar það hér með. Fráfarandi forstjóri Hulda Gunnlaugsdóttir fór í ársleyfi frá Landspítala í október 2009 og sagði svo starfi sínu lausu í júlí síðastliðinn. Hún var nú nýverið verið ráðin forstjóri Akershus háskólasjúkrahúsins í Osló í Noregi. Hjúkrunarráð þakkar henni gott samstarf og óskar Birni Zoega nýráðnum forstjóra til hamingju með nýtt starf.

Almennir fundir og fræðslufundir hjúkrunarráðs

Tveir almennir fundir hjúkrunarráðs í samvinnu við lækna ráð og líknarráðgjafateymið voru haldnir í janúar sem liður í innleiðingu á nýjum klínískum leiðbeiningum um líknarmedferð. Fundirnir mæltust vel fyrir og það er að sjá og heyra meðal hjúkrunarfræðinga og annarra að það sé almenn ánægja er með hinar nýju leiðbeiningar enda fela þær í sér vandaðri og markvissari hjúkrun fyrir þá fjölmörgu sjúklinga sem glíma við lífshættulega sjúkdóma.

Stefnuráð hjúkrunar

Stefnuráð hjúkrunar var skipað að nýju á aðalfundi stefnuráðs sem haldinn var í maí á þessu ári, en ráðið var stofnað til að tryggja gagnkvæm samskipti um málefni hjúkrunar en hlutverk ráðsins er að vera samráðsvettvangur umræðu og ákvarðanatöku í hjúkrun og ráðgefandi fyrir framkvæmdastjóra hjúkrunar. Formaður hjúkrunarráðs á sæti í ráðinu en í stefnuráðinu sitja fulltrúar Háskóla Íslands, hjúkrunardeildarstjórar, sérfræðingar í hjúkrun og fulltrúar í fagraðum. Stefnuráðið fundar tvisvar í mánuði og þau málefni sem eru hæst á baugi nú í haust eru öryggismál, mönnun, skráning og nýtt sjúklingaflokkunarkerfi. Verkefni stefnuráðs tengjast stefnukorti hjúkrunar á Landspítala.

Nefndir hjúkrunarráðs

Fræðslunefnd

Fræðslunefnd hjúkrunarráðs hefur það hlutverk að skipuleggja reglulega fræðslufundi hjúkrunarráðs hina árlegu viku hjúkrunar. Starfsárið 2009-2010 sátu í fræðslunefndinni eftirfarandi hjúkrunarfræðingar Dóróthea Bergs, Elísabet Halldórsdóttir, Friða B. Skúladóttir, Hallveig Broddadóttir, Judith Ann Penrod, Jónína Hallsdóttir, Steinunn Arna Þorsteinsdóttir og Þórgunnur Jóhannsdóttir og varamenn Kristín Sif Árnadóttir og Anna Dagbjört Gunnarsdóttir.

Fræðslufundir hjúkrunarráðs

Síðast liðið starfsár voru haldnir 20 fræðslufundir og dagskrána er hægt að nálgast á vef hjúkrunarráðs. Fundirnir eru haldnir í Hringstal frá kl 12-12:45. Fundirnir eru teknir upp og aðgengilegir á vefvarpinu og þeim er einnig fjarvarpað í Fossvog og stundum var fjarvarpað á Landakot og Grensás. Flestir þátttakendur eru almennir hjúkrunarfræðingar, ljósmæður, sjúkraliðar og stjórnendur á LSH svo og namar.

Vika hjúkrunar

Vika hjúkrunar á Landspítala var 10.-14. maí en alþjóðlegur dagur hjúkrunar er einmitt 12. maí. Vika hjúkrunar var haldin í fimmta sinn í núverandi mynd og í ár voru haldin erindi í 3 daga enda var verið að minnast þess að 100 ár eru liðin á þessu ári frá láti Florence Nightingale. Veggspjaldasýningin stóð í tvær vikur en til undirbúnings voru haldin tvö vel setin námskeið í veggspjaldagerð. Rétt rúmlega 44 spjöld voru á sýningunni frá nærri 40 deildum /einingum. Sýningin var áfram staðsett miðsvæðis í Fossvogi og Hringbraut og gefinn var út listi yfir efni spjaldanna, staðsetningu þeirra og höfunda sem var dreift víða og er hann einnig á vefsíðu hjúkrunarráðs. Súpa og samvera var endurtekin í boði framkvæmdastjóra hjúkrunar í hádeginu og haldin við Hringbraut þetta árið. Boðið var upp á opið hús hjá tveim klínískum deildum, göngudeild húð- og yn og hjartagátt.

Stöðuefnd

Stöðunefnd tekur til umfjöllunar starfsumsóknir um stöður hjúkrunardeildarstjóra, yfirljósmóður og sérfræðinga í hjúkrun samkvæmt beiðni framkvæmdarstjóra hjúkrunar/framkvæmdastjóra sviða hverju sinni. Mat stöðunefndar byggist eingöngu á innsendum gögnum. Stöðunefnd leitar ekki eftir viðbótarupplýsingum, heldur er það alfarið á ábyrgð umsækjenda að senda inn þau gögn sem nauðsynleg eru samkvæmt auglýsingu eða þeir vilja að komi til mats hjá stöðunefnd.

Í stöðunefnd sitja þrír aðalmenn en það eru:

- Guðbjörg Guðmundsdóttir
- Kristín Lára Ólafsdóttir
- Alda Ásgeirsdóttir

Tveir varamenn er í nefndinni en það eru

- Guðlaug Bergþóra Karlsdóttir (tók sæti Öldu á miðju ári)
- Hlíf Guðmundsdóttir

Á starfsárinu 2009-2010 fékk stöðunefnd til umfjöllunar sex umsóknir um stöður deildarstjóra og eina stöðu sérfræðings í hjúkrun. En það voru eftirtaldar stöður: Staða hjúkrunardeildarstjóra á bráðadeild G2 á bráðasviði og bárust þrjár umsóknir , staða hjúkrunardeildarstjóra á bráðadeild G3 á bráðasviði og bárust fimm umsóknir , staða hjúkrunardeildarstjóra á kvenlækningadeild á kvenna- og barnasviði og bárust fjórar umsóknir, hjúkrunardeildarstjóra á mæðravernd og fósturgreiningardeild og bárust tvær umsóknir, staða hjúkrunardeildarstjóra á öryggisgeðdeild á geðsviði og bárust tvær umsóknir og loks var það staða hjúkrunardeildarstjóra á vökudeild á kvenna- og barnasviði og bárust tvær umsóknir. Stöðunefnd tók þá til umfjöllunar umsóknir um stöðu sérfræðings í svæfingahjúkrun á skurðlækningasviði og tvær umsóknir bárust.

Kjörnefnd

Kjörnefnd annast undirbúning og framkvæmd kosninga í stjórn hjúkrunarráðs og í nefndir ráðsins. Nefndin er kölluð saman af stjórn hjúkrunarráðs sex vikum fyrir aðalfund og skal auglýst eftir framboðum til stjórnar fjórum vikum fyrir aðalfund. Kjörnefnd annast einnig þær atkvæðagreiðslur aðrar sem stjórn hjúkrunarráðs kann að fela henni.

Í kjörnefnd sitja þrjú aðalmenn en það eru:

- Ásta B.Pétursdóttir
- Anna María Malmberg
- Gerður Guðmundsdóttir

Tveir varamenn er í nefndinni en það eru

- Þóra Gerður Geirsdóttir
- Anna H. Guðmundsdóttir

Allir fulltrúar kjörnefndar voru kosnir á aðalfundi hjúkrunarráðs 2009 en það er kosið til tveggja ára í senn.

Nefndir á vegum Landspítala með fulltrúa tilnefnda af hjúkrunarráði

Í starfsreglum hjúkrunarráðs kemur fram að hjúkrunarráð tekur þátt í þróunarvinnu innan Landspítala meðal annars með því að hvetja til klínískra rannsókna í hjúkrun og góðra tengsla við menntastofnanir í heilbrigðisfræðum. Hjúkrunarráð tilnefnir fulltrúa í vísindaráð, siðfræðinefnd og siðanefnd.

Nefnd	Aðalmaður	Varamaður
Vísindanefnd	Sigríður Gunnarsdóttir	Páll Biering
Siðfræðinefnd	Linda Kristmundsdóttir	
Siðanefnd	Elísabet Guðmundsdóttir	Eydís K. Sveinbjarnadóttir

Þá tekur hjúkrunarráð virkan þátt í ýmis konar verkefnavinnu um viðfangsefni hjúkrunar á Landspítala og skipar fulltrúar í nefndir eða hópa.

Nefnd eða hópur	Fulltrúi hjúkrunarráðs
Stýrihópur við innleiðingu í fjölskylduhjúkrunar	Hlíf Guðmundsdóttir
Stýrinefnd um skráningu hjúkrunar	Bylgja Kærnested
Eftirlitsnefnd með rafrænni sjúkraskrá	Þorgerður Gunnarsdóttir
Stýrihópur um sjúklingaflokkunarkerfið Rafaella	Þórgunnur Hjaltadóttir
Stýrihópur um stefnumótun um þátttöku sjúklinga og aðstandenda í meðferð	Brynja Ingadóttir

Magni

Formaður hjúkrunarráðs situr í stjórn Magna en það er sjóður sem hefur það markmið að stuðla að uppbyggingu á aðstöðu til vísindastarfsemi. Á þessu ári var ákveðið að styrkja stofnun vísinda- og rannsóknaseturs fyrir Landspítalann og Háskóla Íslands. Það opnaði formlega í janúar síðastliðinn en það mun starfa á vegum vísinda-, mennta- og gæðasviðs Landspítala og undir sameiginlegri stjórn LSH og HÍ.

Umfjöllunarefni hjúkrunarráðs 2009-2010

Fjármál

Varðandi starfsemi spítalans þá hafa síðustu ár reynst mörgum erfið vegna þess mikla niðurskurðar sem Landspítali hefur þurft að ganga í gegnum. Á þessum árum hefur rekstrarkostnaður minnkað verulega, heilsársrúmum hefur fækkað um 90 og eru nú 670. Þá hefur starfsmönnum fækkað um 630 frá því í fyrra og breytileg yfirvinna minnkað um 27% og laun lækkað um rúman milljarð á milli ára. Eitthvað hlýtur að láta undan eftir 6000 milljóna sparnað síðustu tvö árin. Hann er nú eftir fyrstu 9 mánuði þessa árs innan fjárheimilda og verður það að teljast afrek út af fyrir sig. Tölurnar tala sínu máli og það er ljós að Landspítali hefur þurft að skera meira niður en aðrir í kreppunni. Fjárheimildir hafa lækkað jafnt og þétt frá því 2002 og þær hafa verið hlutfallslega minni en á öðrum heilbrigðisstofnunum. Það er staðreynd að spítalinn veitir nú ekki þá sömu þjónustu og hann áður gerði og þjónustustigið hefur breyst mikið. Þó er alls staðar umræðan um að tryggja öryggi sjúklinga. Vonandi tekst okkur það. Landspítali hefur enn ekki þurft að hætta að veita ákveðna þjónustu en við frekari niðurskurð 2011 kemur það vel til álita. Fjárlög næsta árs hafa nú verið lögð fram til umræðu á þinginu og þar er áfram lagt til að dregið verði enn meira saman í heilbrigðiskerfinu þó einkum á landsbyggðinni. Frumvarpið gerir ráð fyrir að sparnaður í heilbrigðiskerfinu verði um 5% eða um 6,2 milljarðar króna. Í ár er Landspítala gert að spara 500 milljónir og á sama tíma mun hann þurfa að taka að sér fleiri verkefni frá öðrum sjúkrastofnunum en hann hefur

áður gert og því mun ekki fylgja aukið fjármagn. Áfram er staðan erfið í rekstrinum og stjórnendur halda áfram að koma fram með hugmyndir um úrræði. Verið er leita allra leiða til að halda áfram að veita þá þjónustu sem við teljum okkur hafa bolmagn til að veita. Hjúkrunarráð hefur bent á þá áhættu sem sparnaður sem þessi geti haft í för með sér og sendi fyrr á þessu ári opið bréf til þáverandi heilbrigðisráðherra Álfheiðar Ingadóttur þar sem þetta kom fram. Þar varar hjúkrunarráð sérstaklega við því að fækka hjúkrunarfræðingum enda hafa margar erlendar rannsóknir sýnt að fækkun á hjúkrunarfræðingum ógni öryggi sjúklinga þannig að fylgikvillum og dauðsföllum fjölgar.

Öryggi sjúklinga

Hjúkrunarráð hefur fjallað mikið á sínum fundum um öryggi sjúklinga. Ráðið hefur haft af því áhyggjur að sá niðurskurður sem gengið hefur yfir á síðustu árum geti ógnað öryggi sjúklinga. Fulltrúar frá Landlæknisembættinu komu á fund stjórnar hjúkrunarráðs og þar var farið yfir hlutverk Landlæknisembættisins í öryggis og gæðaeftirliti á heilbrigðisstofnunum. Landlæknir hafði þá nýlega framkvæmt mat á stöðu öryggismála, varðandi mönnun á Landspítala og var niðurstaða embættisins sú að reynt hafi verið að gæta þess að niðurskurður á Landspítala bitni ekki á öryggi sjúklinga. Landlæknisembættið heldur áfram að fylgjast með áhrifum kreppunnar og niðurskurðar á Landspítala. Hjúkrunarráð tók þátt ásamt embætti Landlæknis í þingi á vegum félagi íslenskra hjúkrunarfræðinga og þar var áfram umræða um öryggi í heilbrigðisþjónustu.

Rafaella sjúklingaflokkunarkerfi

Út frá umræðunni um öryggismál þá fagnar hjúkrunarráð því að samningur um nýtt sjúklingaflokkunarkerfi á Landspítala var undirritaður milli fulltrúa spítalans og Finnish Consulting Group 6. júlí. Sjúklingaflokkunarkerfi spítalans var aflagt fyrir rúmu ári síðan og sárlega hefur því vantað tæki til að mæla hjúkrunarþyngd á deildum út frá bráðleika sjúklinga og mönnun. Hjúkrunardeildarstjórar munu geta notað RAFAELA sjúklingaflokkunarkerfið til að taka ákvarðanir um mönnun deilda í rauntíma. RAFAELA metur af áreiðanleika vinnuálag á hjúkrunarfræðing, hjúkrunarþyngd á sjúkling ásamt ásættanlegu hjúkrunarstigi á hvern hjúkrunarfræðing. Framkvæmdastjóri hjúkrunar á Landspítala hefur sett saman stýrihóp til að sjá um framkvæmd verkefnisins. Gunnar Helgason hjúkrunarfræðingur veitir verkefninu forystu en fulltrúi hjúkrunarráðs í stýrihópnum er Þórgunnur Hjaltadóttir. Byrjað verður í haust að prófa/innleiða kerfið á fjórum deildum á lyflækningasviði og skurðlækningasviði. Áætluð innleiðing á 25 deildir Landspítala tekur 2-3 ár. Hjúkrunarráð fagnar þessum áfanga í faglegri þróun hjúkrunar á Landspítala.

Málefni kragasjúkrahúsanna

Hjúkrunarráð í samvinnu við Læknaráð Landspítala benti á í grein í Morgunblaðinu fyrir tæplega ári síðan að mikilvægt væri að taka skynsamlegar ákvarðanir um það hvernig verja á fjármunum til heilbrigðismála. Í því sambandi væri rétt að taka til umfjöllunar fyrir alvöru skýrslu sem starfshópur á vegum heilbrigðisráðuneytisins gerði eftir að hafa farið kerfisbundið yfir þá þjónustu sem sjúkrahúsin á suðvesturhorni landsins veita og samið tillögur um það hvernig ná megi meiri rekstrarhagkvæmni með endurskipulagningu. Starfshópurinn hafði það að leiðarljósi að tryggja örugga og góða heilbrigðisþjónustu en jafnframt að styrkja nærþjónustu þar sem slíkt væri faglega og fjárhagslega hagkvæmt. Í skýrslunni var m.a. lagt til að flytja fæðingar til Landspítala og loka skurðstofum á þessum stofnunum. Væntingar hjúkrunarráð og læknaráðs um forgangsöröðun sem þessa innan heilbrigðiskerfisins runnu í sandinn og ef horft er til baka þá er eftirsjá í þeim peningum sem hefðu getað sparast ef farið hefði verið í allar þær breytingar sem lagað voru til.

Stefnumótun Landspítala

Stefnumótun Landspítala hefur verið sett til næstu fimm ára og var kynnt á ársfundi spítalans í apríl síðastliðinn. Forstjóri skipaði síðastliðinn vetur hóp undir sinni stjórn sem falið var að móta stefnu fyrir Landspítalann fram til ársins 2016, en þá er gert ráð fyrir að nýbyggingu fyrir Landspítalann við Hringbraut verði lokið og þar með formlegri sameiningu stóru sjúkrahúsanna á Reykjavíkursvæðinu. Starfshópur forstjóra leitaði fyrirmynda erlendis, einkum hjá Karolinska sjúkrahúsinu í Stokkhólmi. Hjúkrunarráði voru kynnt drög að þessari stefnumótun og í kjölfarið kom ráðið fram með nokkrar ábendingar varðandi ýmsa þætti í stefnunni. Áður en stefnan var sett fram voru haldnir fjölmargir svokallaður sparnaðarfundir og rýnihópar myndaðir með það að leiðarljósi að kanna hug starfsmanna og tengja stefnumótun og sparnað saman. Fram komu um 2400 ábendingar og hluti af þeim var notaður við myndun stefnunnar. Starfsemi spítalans á alltaf að miðast við þarfi sjúklinga og að starfsmenn beri umhyggju fyrir sjúklingum, sinni þeim að fagmennsku og með því er betur hægt að standa vörð um öryggi sjúklinga. Fagmennska á að einkenna okkar störf sem hér vinnum. Við viljum að Landspítali hvað? Vantar framhald á setningunni. Markmiðið í ár er í stefnumótun spítalans og aðgerðaráætlun var lögð fram til tveggja ára. Þar er lögð áhersla á mælanleg markmið og þá er hægt að vita á hvaða leið við erum. Eftirfylgni er lykilatriðið í þessum efnunum og gildin eru fagmennska, öryggi, framþróun og umhyggja. Rík áhersla verður lögð á öryggi sjúklinga, skilvirka verkferla, góðan vinnustað auk þess sem rekstur spítalans skal vera innan fjárheimilda. Hjúkrunarfræðingar eru lykilmenn þegar kemur að því að viðhalda og gæta að öryggi sjúklinga og örugg og fagleg hjúkrun hefur bein áhrif á þá þætti sem á sérstaklega að skoða varðandi öryggi sjúklinga en það eru spítalasýkingar, þrýstingssár og bráða endurinnlagnir innan 30

daga frá útskrift. Það er hvatning til hjúkrunarfræðinga að taka sérstaklega á þessum þáttum.

Súrefnismeðferð

Hjúkrunarráð veitti umsögn varðandi nýútgefnar leiðbeiningar um bráðameðferð með súrefni á Landspítala. Engar leiðbeiningar voru til um súrefnismeðferð á spítalanum og starfsfólk hefur til þessa haft frjálssar hendur um gjöf þess. Tilgangur þessara leiðbeininga er að gera súrefnismeðferð á Landspítala markvissari og hagkvæmari en hún er í dag. Formaður vinnuhópsins var Gunnar Guðmundsson lungnalæknir.

Umsagnir um lagafrumvörp á Alþingi

Hjúkrunarráð var á liðnu starfsári umsagnaraðili í þremur lagafrumvörpum sem lögð hafa verið fyrir Alþingi

Frumvarp til laga um heilbrigðisþjónustu.

Hjúkrunarráð sendi umsögn til heilbrigðisnefndar alþingi vegna frumvarps til laga um heilbrigðisþjónustu. Í fyrirleggjandi frumvarpi var lagt til að fagleg ábyrgð yfirlækna og deildarstjóra á lækni- og hjúkrunarþjónustu verði aflögð. Hjúkrunarráð gerði alvarlegar athugasemdir við þær breytingar. Það er nauðsynlegt að í öllum tilfellum sé starfandi faglegur yfirmaður í hjúkrun og lækningum þar sem þjónustan er veitt. Ábyrgðin verður að koma skýrt fram í lögum til að tryggja áfram gæði og öryggi í þjónustunni. Í athugasemdum með frumvarpinu kemur fram að tilgangur breytinganna sé að auka svigrúm til að endurskipuleggja heilbrigðisstofnanir og með því að gera kleift að sameina eða breyta stöðum stjórnenda þar sem það er talið auka skilvirkni og draga úr kostnaði. Hjúkrunarráð taldi í umsögn sinni að þau rök haldi ekki. Horfið var frá þessari lagabreytingu á Alþingi enda benti stjórn hjúkrunarráðs á í umsögn sinni að það þyrfti enga lagabreytingu til að endurskipuleggja, sameina og breyta stöðum.

Frumvarp til laga um heilbrigðisstarfsmenn

Í öðru lagi var veitti ráðið umsögn um frumvarp til laga um heilbrigðisstarfsmenn en ráðið hefur áður komið að því frumvarpi. Að þessu sinni hnykkti hjúkrunarráð á að gerður yrði skýr greinarmunur á ábyrgð og starfsskyldum fagstétta og starfsstétta og að nauðsynlegt væri að tryggja að aðilar með fullnægjandi menntun veiti heilbrigðisþjónustu. Frumvarpið gerir ráð fyrir að heilbrigðisráðherra geti afmarkað og breytt starfssviði heilbrigðisstétta, t.d. hjúkrunarfræðinga, með reglugerð og gerir jafnframt ráð fyrir að hjúkrunarlög verði felld brott. Að mati hjúkrunarráðs yrði með þessu afnumin sú trygging að aðeins hjúkrunarfræðingar beri ábyrgð á hjúkrun. Enda þótt hjúkrunarráð geti fallist á að sett séu heildarlög um heilbrigðisstarfsmenn eru engin rök til að fella niður sérlög sem gilda um hjúkrunarfræðinga. Þetta frumvarp hefur enn ekki verið samþykkt á Alþingi. Til að fylgja þessum umsögnum

ráðsins betur úr hlaði þá fór formaðurinn ásamt Önnu Stefánsdóttur framkvæmdastjóra hjúkrunar og hitti heilbrigðisnefnd Alþingis.

Frumvarp til Alþingis um að stofna opinbert hlutarfélag um byggingu nýs spítala
Við höfum náð miklum árangri varðandi byggingu nýs spítala. Margar ákvarðanir hafa verið teknar og erfitt að bakka með það enda búið að sýna fram á að dýrasti kosturinn er sá að gera ekki neitt. Hjúkrunarráð fékk til umsagnar frumvarp til Alþingis um að stofna opinbert hlutarfélag um byggingu nýs spítala. Hjúkrunarráð fjallaði um frumvarpið og taldi ekki ástæðu til athugasemdar. Ráðið styður fyrirhuguð áform um byggingu nýs spítala en hönnunarhópurinn SPITAL bar sigur úr bitum í hönnunarsamkeppninni og er honum falið að hanna 66 þúsund m² nýbyggingu og er þegar hafist handa. Hjúkrunarráð telur mikilvægt að allir hjúkrunarfræðingar tali fyrir þessum framkvæmdum enda tímabært að fara í þær sem allra fyrst.

Ályktun aðalfundar hjúkrunarráðs október 2010

Á aðalfundir hjúkrunarráðs 21.október síðastliðinn var samþykkt eftirfarðandi ályktun:

Hjúkrunarráð Landspítala telur að boðaður niðurskurður í fjárlagafrumvarpi ársins 2011 hafi neikvæð áhrif á þjónustu við sjúklinga og stofni öryggi þeirra í hættu. Mikill niðurskurður hefur nú þegar verið á Landspítala síðustu tvö árin og hefur þurft að hagræða um rúmlega sex milljarða og enn er gerð krafa um niðurskurð á þessu ári. Leitað hefur verið allra leiða til að hagræða í rekstri Landspítala bæði í innkaupum og rannsóknum ásamt því að starfsmönnum hefur fækkað um 12% frá því í fyrra eða um 600 manns. Frekari niðurskurður á Landspítala er því ekki ásættanlegur. Landspítali er aðalsjúkrahús landsins og háskólasjúkrahús og hlutverk hans er að veita öllum landsmönnum sérhæfða heilbrigðisþjónustu. Mikilvægt er því að tryggja að hægt verði að útskrifa sjúklinga á önnur sjúkrahús þegar þeir þurfa ekki lengur á sérhæfðri þjónustu Landspítala að halda. Ráðið leggur áherslu á að fyrir liggi samræmd stefna í heilbrigðismálum þegar fjárlög eru lögð fram og kallar eftir víðtækri samvinnu allra er koma að stefnumörkum innan heilbrigðisþjónustu þannig að fjármunir séu nýttir á skynsamlegan hátt með hagsmuni sjúklinga að leiðarljósi. Niðurskurður sem boðaður er í fjárlögum ársins 2011 með sama og engum fyrirvara mun koma illa niður á sjúklingum og skaða heilbrigðisþjónustuna til langframa.